

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Höfn



Dags eftirlits	17.4.2013	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Bragason	Staðsetning	684509,411	421611,985

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð við stöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Engar breytingar hafa verið gerðar á olíubirgðastöðinni. Farið var yfir rekstrarhandbók og mánaðarblöð fyrir stöð Olíudreifingar á Höfn, farið yfir kröfur um mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Allar skráningar reyndust í góðu lagi. Upplýsingar um olíuleifar í frárennsli olíuskilju hafa borist Umhverfisstofnun. Notað var olíupróf Macherey Nagel og fannst olía ekki í frárennslinu.

Sex geymar eru í stöðinni á Höfn, fimm við Krosseyrarveg og einn svartolíugeymir við fiskimjólsværsmiðjuna á Óslandi. Allir geymar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Allar lagnir eru þrýstiprófaðar á síðustu 5 árum.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þær) og olíuskiljur. Spíral í svartolíugeymi við Ósland hefur gefið sig og olía þar sloppið út í þróna. Viðgerð var ekki hafin þegar komið var í eftirlit, en tæma þarf geyminn til þess að hægt sé að komast að til viðgerða og síðan þarf að moka svartolíu upp úr þrónni og laga þróarbotn.

Sjálfvirkur loki er í frárennsli þróa við Krosseyrarveg en loki í frárennsli þróar við Ósland stóð lokaður. Olíuskilja og sandfang í stöðinni við Álaugaey var þjónustað í janúar 2013.

Girðingar og hlið voru í lagi.

ANNAÐ

Ljúka þarf viðgerð á hitaspíral í svartolíugeymi og þrifa og laga þróarbotn.

Hitaspíral í svartolíugeymi hefur gefið sig og nokkuð magn af svartolíu lekið út í mengunarvarnarþró um geyminn. Við komu í eftirlit var búið að stöðva leka úr svartolíugeymi á Óslandi. Skrá þarf frávikið, gera við hitaspíral ásamt því að þrifa og laga þróarbotn.

Reykjavík, 29.04.2013

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.